

Eyjan.is: Er Jóhanna höfundur að tillögu Margrétar?

Eftir Styrmi Gunnarsson

Eins og áður hefur komið fram hér á Evrópuvaktinni er ljóst að vefmiðillinn eyjan.is hefur sterk tengsl inn í Samfylkinguna. Í því ljósi er athyglisvert að lesa „Orðið á götunni“. Þar segir m.a.:

„Orðið á götunni er að ástandið nálgist nú suðupunkt innan Samfylkingarinnar vegna pattstöðunnar í stjórnarskrármálinu. Sumir innan flokksins fagna ákaft pólitísku klofbragði Margrétar Tryggvadóttur, þingkonu Hreyfingarinnar, sem hefur lagt til breytingatillögu við svokallað sáttafrumvarp formanna Samfylkingar, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar...Loft er orðið svo lævi blandið innan Samfylkingarinnar vegna málsins að til eru þeir nálægt Árna Páli Árnasyni, formanni flokksins, sem telja að breytingartillaga Margrétar sé ættuð úr forsætisráðuneytinu...Í dag var þessi saga orðin svo útbreidd í matsal þingsins að Jóhanna Sigurðardóttir var orðin uggandi og í samtölum farin að bera hana af sér.“

Þannig er þá komið á þeim bæ!